
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn miðvikudaginn
21. maí 2025, kl. 16:00 í Landsbankanum hf., Reykjastræti 6,
101 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Daða Bjarnason lögmann í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda. Daði tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið og tilnefndi Pétur Pétursson sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri kannaði næst lögmati fundarins. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal stjórn boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Morgunblaðinu 24. apríl 2025 og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins þann 30. apríl 2025. Fundarstjóri lýsti því yfir að um lögmeta boðun í samræmi við ákvæði samþykktu sjóðsins væri að ræða. Því næst innti hann fundarmenn eftir því hvort einhver fundarmanna gerði athugasemd við boðun eða lögmati fundarins að öðru leyti. Engar athugasemdir komu úr sal af hálfu fundarmanna og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu. Fundarstjóri vísaði til þeirrar

venju að bíða með að gefa orðið laust og bera upp spurningar þar til fyrstu fjórir dagskrárliðirnir væru tæmdir. Enginn fundarmanna gerði athugasemd við fyrirkomulagið.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn. Ræða hans fer hér á eftir:

„Fundarstjóri – ágætu sjóðfélagar!

Rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2024 gekk vel. Sjóðurinn hélt áfram að stækka, bæði í formi eignar og fjölgunar sjóðfélaga. Vöxtur sjóðsins hefur verið stöðugur síðustu ár en að jafnaði hefur hann vaxið um 14% á ári síðastliðin 5 ár og er sá lífeyrissjóður í landinu sem hefur vaxið hvað mest á liðnum árum. Á síðasta ári nam vöxturinn rúmum 16%. Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs 2024 var 190,9 ma.kr. og hafði hækkað um 31 ma.kr. á árinu.

Þá hélt sjóðfélögum áfram að fjölga og í lok árs áttu um 52.800 einstaklingar réttindi í sjóðnum. Virkir sjóðfélagar í árslok 2024 voru 25.400 talsins samanborið við 23.400 á árinu 2023 en það samsvarar til rúmlega 8% fjölgunar á milli ára. Fjöldi virkra lífeyrisþega var 1.350 talsins á árinu 2024 samanborið við 1.180 á árinu 2023. Eins og þessar tölur bera með sér, þá heldur sjóðurinn áfram að sækja fram og vaxa. Rétt er að nefna að Íslenski lífeyrissjóðurinn byggir á frjálsri aðild og því er enginn þvingaður á grundvelli kjarasamnings til að ganga í sjóðinn.

Nafnávöxtun ávöxtunarleiða sjóðsins var á bilinu 7,7% til 11,4% á árinu en verðbólga var um 4,8%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar allra leiða var 5,3% og var ávöxtun í takt við þróun á mörkuðum.

Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins vegna ársins 2024 var sem fyrr unnin af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi. Samkvæmt útreikningum hans eru heildareignir samtryggingadeildar um 2.2 ma.kr. lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar eða sem nemur -1,7%. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins fer nánar yfir tryggingafræðilega stöðu samtryggingar hér á eftir.

Eins og kunnugt er hefur starfsemi Íslenska lífeyrissjóðsins hingað til verið útvistað til Landsbankans á grundvelli rekstrarsamnings. Þetta rekstrarform hefur reynst vel en með þessum hætti nýtir lífeyrissjóðurinn sterka innviði stærsta fjármálafyrirtækis landsins. Aðgangur sjóðsins að sérfræðingum bankans og þekkingu þeirra hefur ávallt verið greiður. Þá nýtist það ekki síður vel að njóta þeirra tæknilegu innviða sem bankinn hefur upp á að bjóða. Gera má ráð fyrir að þessir þættir muni reynast sjóðnum vel í náninni framtíð þegar enn bætir í ytri kröfur við rekstur lífeyrissjóða. Þá má ekki gleyma söluneti

bankans og markaðsstarfi sem stutt hefur við vöxt sjóðsins á undanförunum árum.

Í byrjun síðasta árs var undirritaður nýr rekstrarsamningur á milli Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbankans en að frumkvæði Fjármálaeftirlits Seðla-banka Íslands var framkvæmdastjóri ráðinn beint til sjóðsins en hafði fram að því verið starfsmaður Landsbankans. Nú, ári síðar, er komin reynsla á þetta fyrirkomulag og verður ekki annað sagt en að þetta hafi verið jákvæð breyting og mikilvæg til að tryggja sjálfstæði sjóðsins enn frekar. Stjórn er meðvituð um mikilvægi þess að viðhalda sjálfstæði sjóðsins, bæði í ásýnd og reynd og er meðvituð um mögulega hagsmunaárekstra milli sjóðsins og bankans, einkum á sviði fjárfestinga en með góðum stjórnarháttum og skýrum markmiðum er hægur vandi að fyrirbyggja slíkt og um leið að tryggja hagsmuni sjóðfélaganna. Tilfærsla framkvæmdastjóra frá Landsbankanum til lífeyrissjóðsins styrkir að mínu mati sjálfstæði sjóðsins og rekstrarumhverfi hans enn frekar.

Um mitt síðasta ár óskaði stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins eftir því að þóknanahluti rekstrarsamnings við Landsbankann yrði tekinn til endurskoðunar. Í kjölfar viðræðna milli sjóðsins og bankans var nýr þóknanaviðauki undirritaður þann 9. júlí. Helstu breytingar sem gerðar voru sneru að því að árangursþóknun var afnumin og þóknun skipt í fasta og breytilega þóknun sem er tengd stærð sjóðsins. Það er mat stjórnar að fyrrnefnd breyting sé sjóðnum og sjóðfélögum hagfelld.

Við sem störfum á þessum vettvangi erum meðvituð um ábyrgð okkar og skyldur. Starfsemi lífeyrissjóða er um margt frábrugðin annarri starfsemi í samfélaginu. Starfsemin er lögbundin og lýtur öfluglu opinberu eftirliti sem er vel. Umræða um lífeyrissjóði á það oft til að vera neikvæð, sem er út af fyrir sig skiljanlegt þar sem miklir hagsmunir eru undir. Ekki er óeðlilegt að fólk hafi skoðun á starfseminni og í rauninni er það æskilegt og óskandi væri að þátttaka og aðhald almennra sjóðfélaga væri mun meira en raun ber vitni. Snertifletir lífeyrissjóðanna við samfélagið eru margir, lífeyrissjóðirnir eru umfangsmiklir á eignamörkuðum, en líka stórir launagreiðendur og mikilvægir þátttakendur á ólíkum sviðum samfélagsins. Lífeyrissjóðirnir mættu e.t.v. líta sér nær, vera meiri þátttakendur í umræðunni, útskýra sína hlið og upplýsa um starfsemina með skilvirkari hætti. Það má líka minna á í þessu samhengi að íslenskir lífeyrissjóðir hafa komið vel út í alþjóðlegum samanburði, bæði hvað varðar rekstrarkostnað og rekstur almennt. Það má hins vegar ekki sofna á verðinum og því mikilvægt að gera kröfur til reksturs þeirra

hér eftir sem hingað til. Þá er mikilvægt að löggjöf og regluverk um lífeyrissjóði þróist í takt við aðra skylda starfsemi.

Stjórnin hélt 11 formlega stjórnarfundum á liðnu starfsári auk stefnumótunarfundar stjórnar og ársfundar sem haldinn var í maí. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn skipuð fimm einstaklingum, öllum kosnum af sjóðfélögum. Í varastjórn eru tveir einstaklingar. Í lok ársfundar 2024 voru aðalmenn í stjórn, auk mín, þau Snorri Ómarsson, Þórir Óskarsson, Kristín Hrefna Halldórsdóttir og Una Eyþórsdóttir. Varamenn voru Guðríður Sigurðardóttir og Valur Ægisson. Sérstök endurskoðunarnefnd starfar hjá sjóðnum og er hlutverk hennar m.a. að sinna eftirliti með endurskoðun ársreiknings og að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila. Nefndin skilar skýrslu um sín verkefni til stjórnar en fundir endurskoðunarnefndar voru sex talsins vegna starfsársins 2024. Í byrjun árs 2024 skipuðu endurskoðunarnefnd þau Þórir Óskarsson, Una Eyþórsdóttir og Örn Þorbergsson endurskoðandi og er Þórir formaður nefndarinnar. Örn gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu eftir ársfund 2024 og var Gunnar Snorri Þorvarðarson, löggiltur endurskoðandi skipaður í stað Arnar.

Önnur undirnefnd stjórnar er fjárfestingaráð sem ætlað er að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og gæta hagsmuna hans gagnvart þeim aðila sem falið er að annast eignastýringu. Fjárfestingaráð hélt fimm fundum á árinu 2024. Í byrjun árs 2024 skipuðu fjárfestingaráð þau Snorri Ómarsson, Erla Ósk Ásgeirsdóttir og Valur Ægisson. Formaður er Snorri Ómarsson. Á ársfundi 2024 sagði Erla Ósk Ásgeirs-

dóttir af sér sem stjórnarmaður vegna mikilla anna og var Kristín Hrefna Halldórsdóttir skipuð í fjárfestingaráð í hennar stað.

Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórnar- og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári.

Á þessum aðalfundi, verður kosið um tvo aðalmenn til til þriggja ára. Í framboði til aðalmanns til þriggja ára eru Atli Atlason, Guðrún Elsa Gunnarsdóttir, Valur Ægisson og Þórir Óskarsson. Þá verður jafnframt kosið um einn varamann til þriggja ára. Fyrir liggur að Guðríður Sigurðardóttir sem verið hefur varamaður sl. 11 ár hyggst ekki gefa kost á sér til endurkjörs og vil ég nota tækifærið hér og þakka henni fyrir gott samstarf á liðnum árum.

Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að stjórnarlaun hækki almennt samhliða þróun launavísitölu og leggur því til að stjórnarlaun verði hækkuð úr 147 þúsund kr. í 157 þúsund kr. á mánuði í takt við almenna launaþróun síðasta árs.

Ágætu sjóðfélagar, framkvæmdastjóri og sjóðstjóri munu hér á eftir fara yfir rekstur ársins 2024 og fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025 ásamt nánara yfirliti um ávöxtun einstakra leiða.

Að lokum vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem hafa starfað með okkur í stjórn; framkvæmdastjóra, áhættustjóra, forstöðumanni Eignastýringar og hans teymi, deildarstjóra bakvinnslu og bókhalds og öðrum sem komið hafa að rekstri sjóðsins, fyrir vel unnin störf í þágu hans.

Takk fyrir.“

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið. Ólafur byrjaði á því að fara yfir fyrirkomulag á útgreiðsluleiðum lífeyrissjóðsins og bar það saman við hefðbundna lífeyrissjóði en helsti munurinn liggur í því að hluti iðgjalds rennur í séreign og fer eftir því hvaða útgreiðsluleið er valin sem ræður því hversu stórt hlutfall fer í séreign. Þá gerði Ólafur grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2024. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðanda þann 23. apríl 2025. Framkvæmdastjóri fór yfir yfirlit um breytingu á

hreinni eign sjóðsins ásamt nánari umfjöllun um þróun iðgjalda og skiptingu lífeyris sl. 5 ára og heildar rekstrarkostnað sjóðsins sem hlutfall af meðalstöðu hreinnar eignar sl. 10 ára. Þá fór hann yfir efnahagsreikning sjóðsins í heild og sýndi hreina eign hveirrar ávöxtunarleiðar ásamt samanburði fyrra árs. Hann fór yfir sjóðstreymisyfirlit ársins 2024 ásamt yfirliti um raunávöxtun deilda á árinu 2024 og sl. 5 og 10 ára. Að lokum fjallaði hann um gjaldmiðlaskiptingu ávöxtunarleiða og hver fjöldi virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega væri.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Ólafur Frímann Gunnarsson, forstöðumaður Eignastýringar hjá Landsbréfum, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2025. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 28. nóvember 2024. Fram kom hjá Ólafi að stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli. Þá væri stór hluti eigna sjóðsins í séreignardeildum en sjóðfélagar gætu flutt inneign sína á milli ávöxtunarleiða og til annarra vörsluaðila. Þá geti sjóðfélagar tekið út frjálsa séreign í eingreiðslu frá 60 ára aldri en 22,5% af frjálsri séreign er í eigu sjóðfélaga 60 ára og eldri. Af þessum sökum þarf stórt hlutfall eigna að vera í seljanlegum eignum. Ólafur fór yfir vægi eignaflokka í fjárfestingarstefnunni. Eina breytingin sem var gerð á fjárfestingarstefnunni á milli ára var sú að hámarksfjárfesting í erlendum gjaldmiðlum var hækkuð úr 51,5% í 53,0% en ekki voru gerðar neinar breytingar á hlutfalli eignaflokka í stefnunni.

Ólafur fór einnig yfir þróun markaða á árinu 2024. Fram kom að stýrivextir Seðlabanka Íslands hefðu

staðið í 9,25% í byrjun árs en voru lækkaðir tvisvar á árinu og enduðu í 8,50%. Verðbólga lækkaði yfir árið en í upphafi árs var verðbólga í 8% en endaði árið í 4,8%.

Þá kom fram að skuldabréfavísitala kauphallarinnar hefði hækkað um 7,3% á árinu 2024 og vísitala verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkað um 7,14% á meðan óverðtryggða vísitalan hefði hækkað um 7,40%. Í umfjöllun Ólafs kom fram að miklar sveiflur voru á verði innlendra hlutabréfa. Árið hefði byrjað með hækkunum en snögg lækkun hefði átt sér stað í lok fyrsta ársfjórðungs. Markaðurinn tók síðan við sér á síðustu mánuðum ársins og heildarvísitala innlendra hlutabréfa hækkaði um 12,5% á árinu. Í lok árs samþykktu hluthafar Marels hf. yfirtökutilboð JBT Corporation og hlutabréf sameinaðs félags, JBT Marel Corporation, voru tekin til viðskipta í byrjun árs 2025. Heimsvísitala erlendra hlutabréfa hækkaði um 17% en íslenska krónan veiktist gagnavart bandaríkjadóllar og nam hækkun vísitölunnar 19% í krónum talið.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2024 og forsendum hennar. Við tryggingafræðilega athugun er verið að bera saman eignir og iðgjöld við þau réttindi sem fólk hefur fengið með greiðslum inn í sjóðinn samkvæmt samþykktum hans. Helstu forsendur athugunarinnar eru ákveðnar með reglugerð nr. 391/1998. Fram kom að tryggingafræðingi væri þó heimilt að víkja frá staðalforsendum ef aðrar forsendur ættu betur við í viðkomandi sjóði. Þá væru mikilvægustu forsendurnar um vexti og lífs- og örorkulíkur. Í forsendum tryggingafræðilegrar athugunar árið 2024 voru nýjar hjúskapar- og barn-eignalíkur en fæddum börnum á hverja konu hefur fækkað á andanförnum árum og er frjósemi komin niður í 1,7 barn á hverja konu. Að hluta er maka-lífeyrir háður aldri yngsta barns. Einnig voru nýjar

örorkulíkur fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn sem lækkar mat skuldbindinga. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnar á milli ára en hún var neikvæð um 1,7% í lok árs 2024 en til samanburðar var hún neikvæð um 5,1% í lok árs 2023. Áunnin staða var í lok árs neikvæð um 8,1% en hún batnar um 1.600 m.kr. og er það að stærstum hluta vegna þess að raunávöxtun var umfram 3,5% raunávöxtunarviðmið. Framtíðarstaða samkvæmt athuguninni var jákvæð um 2,7%. Bjarni nefndi að það sem gæti bætt stöðu sjóðsins enn frekar væri ávöxtun umfram 3,5% raunvexti og fjölgun sjóðfélaga.

Að lokinni yfirferð yfir fjóra fyrstu liði fundarins gaf fundarstjóri orðið laust.

Engar spurningar komu frá fundarmönnum og var því haldið áfram samkvæmt dagskrá fundarins.

5. Kosning í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar. Samkvæmt samþykktum Íslenska lífeyrissjóðsins er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum og eru allir stjórnarmenn kosnir af sjóðfélögum. Fundarstjóri vísaði til samþykktu og upplýsti að á þessum ársfundi yrðu kosnir tveir aðalmenn til þriggja ára. Framboðsfrestur rann út viku fyrir fund og borist höfðu framboð frá fjórum einstaklingum, Atla Atlasyni, Guðrúnu Elsu Gunnarsdóttur, Val Ægissyni og Þóri Óskarssyni.

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að kynna sig og á skjá fundarins var starfságrip hvers frambjóðanda.

- **Atli Atlason (f. 1966).** Atli sagði að eftir nokkra íhugun hefði hann ákveðið að bjóða fram krafta sína til áframhaldandi stjórnarsetu í Íslenska lífeyrissjóðnum en hann hefur setið í stjórn sjóðsins frá haustinu 2009 þegar mikill órói var í kringum rekstur sjóðsins. Síðan þá hefur reksturinn gengið vel og sjóðurinn vaxið og dafnað en þegar hann kom inn í stjórn var sjóðurinn 26 ma.kr. að stærð en væri nú að nálgast 200 ma.kr. Lífeyrismál væru honum ofarlega í huga en í tengslum við störf hans undanfarin ár þar sem hann hefur leitt samninganefndir við gerð kjarasamninga hafa lífeyrismál oft komið til umfjöllunar á þeim vettvangi. Þá sagði hann helstu áherslumál sín vera þau að fjölga sjóðfélögum og skoða sameiningar við aðra lífeyrissjóði með það að markmiði að ná meiri hagkvæmni í rekstri.

- **Guðrún Elsa Gunnarsdóttir (f. 1968).** Guðrún Elsa fór yfir starfságrip sitt en hún er framkvæmdastjóri Flóka Invest og fjármála- og rekstrarstjóri AZTIQ þar sem hún hefur stýrt 50 félaga samstæðu og borið ábyrgð á bókhaldi, fjármálum, áætlanagerð og rekstri samstæðunnar en félagið heldur meðal annars á stórum hlut í Alvotech. Áður var hún fjármálastjóri hjá Karli K. Karlssyni ehf. en þar sá hún um fjármál og bókhald fyrirtækisins og vann að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins. Þá sagði Guðrún að með 20 ára reynslu í farteskinu af fjármálastjórnun og bókhaldi, væri hún vel til þess fallin að sitja í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins og væri tilbúin að leggja sitt af mörkum við að tryggja áframhaldandi vöxt sjóðsins.

- **Valur Ægisson (f. 1984).** Valur var erlendis og var því ekki á staðnum til kynningar. Fundarstjóri las því starfságrip hans af skjá fundarins. Valur

starfar sem forstöðumaður viðskiptastýringar Landsvirkjunar en áður en hann hóf störf þar starfaði hann við eignastýringu hjá Landsbankanum hf. og þar áður við eignastýringu hjá Íslandsbanka hf. Hann hefur setið sem varamaður í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins frá árinu 2014, í endurskoðunarnefnd sjóðsins á árunum 2018-2020 og fjárfestingaráði frá 2020. Valur er með B.Sc. í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og M.Sc. í rekstrarverkfræði frá Masdar Institute.

- **Þórir Óskarsson (f. 1976).** Þórir fór yfir starfságrip sitt en hann er tryggingastærðfræðingur Sjóvá-Almennra trygginga hf. en þar áður starfaði hann hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. á árunum 2009-2020. Hann er með B.Sc. próf í stærðfræði frá Háskóla Íslands og lagði stund á nám í tryggingastærðfræði við Kaupmannahafnarháskóla og lauk Cand. Act. prófi þaðan haustið 2006. Hann hlaut viðurkenningu FME sem tryggingastærðfræðingur í janúar 2009 og var sá fyrsti í 10 ár til að hljóta þá viðurkenningu.

Þórir sagðist hafa sinnt fjölbreyttum verkefnum í gegnum tíðina en aðallega á útreikningum á skuldbindingum tryggingafélaga og áhættustýringu. Hann hefði mikla reynslu af lífeyrissjóðum sem tryggingastærðfræðingur og hefði reiknað dánar- og eftirlifendatöflur hjá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga frá 2012. Þá sagði hann að öll umræða um breytingar á lögum um lífeyrissjóði kallaði á góða og mikla þekkingu en grundvöllur reglugerða myndi verða byggður á reglugerðum ESB. Þá endaði hann á því að segja að fjölbreytt samsetning og þekking stjórnar væri gulls ígildi.

Eftir kynningu frá frambjóðendum var gengið til kosninga. Þegar fundarmenn höfðu skilað atkvæði sínu í kjörkassann fóru þrír starfsmenn Landsbankans í annað rými þar sem atkvæði voru talin.

Fundarstjóri sagði að talning atkvæða myndi taka 30-40 mínútur og bað um leyfi til að halda áfram með fundinn samkvæmt dagskrá. Engar mótbárur voru við þeirri ósk hans og var því fundinum fram haldið.

Niðurstaða kosningar í stjórn var sú að Atli Atlason og Þórir Óskarsson fengu flest atkvæði út frá vægi greiddra atkvæða og voru þeir því réttkjörnir í stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins.

5.1 Kosning í varastjórn

Kosið var um eitt sæti í varastjórn en hægt er að bjóða fram sem varamaður fram að kosningu á ársfund. Fyrir fundinn höfðu borist framboð frá þeim Helgu Lára Hauksdóttur og Maríu Björgu Kristjánsdóttur. Fundarstjóri spurði fundinn hvort fleiri hefðu hug á að bjóða sig fram í varastjórn. Engin önnur framboð komu fram.

Þær Helga Lára og María Björg komu í pontu og kynntu sig.

- **Helga Lára Hauksdóttir.** Helga Lára er lögmaður og starfar sem forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Landsneti. Þar áður hafði hún starfað í fjármálageiranum, m.a. í fyrirtækjaráðgjöf Arion banka hf. þar sem hún kom að kaupum og sölum fyrirtækja. Þá hefði hún starfað sem lögmaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna í þrjú ár. Í máli sínu sagðist hún hafa mikinn áhuga og víðtæka þekkingu á lífeyrissjóðum, bæði frá viðskiptahliðinni sem og lögfræðihliðinni en hún átti m.a. sæti í nefnd hjá Landssamtökum lífeyrissjóða um örorkumál. Hún sæi tækifæri á að stækka Íslenska lífeyrissjóðinn með fjölgun sjóðfélaga og auka hagkvæmni með sameiningu við aðra lífeyrissjóði.

- **María Björg Kristjánsdóttir.** María starfar sem verkefnastjóri á verkefnastofu Landspítala-

háskólasjúkrahúsi en þar áður starfaði hún sem hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri hjá upplýsingamiðstöð heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á árunum 2022-2024 og hjúkrunarstjóri hjá Reykjavíkurborg á árunum 2019-2022. Hún er með B.Sc. í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands og M.Sc. í viðskiptafræði – stjórnun og stefnumótun frá sama skóla. Í máli sínu sagðist hún hafa reynslu af félagasamtökum og stjórnun þeirra. Þá sagði hún að á Landspítalanum væri fólk að takast á við sömu áskoranir og lífeyrissjóðir landsins væru að takast á við en það væri hækkandi lífaldur. Starfsfólk í heilbrigðisgeiranum væri yfirleitt að hugsa um alla aðra en sjálf sig og því oft með lítinn fókus á sín eigin fjármál og hefði hún áhuga á að bæta úr því og auka markaðsstarf Íslenska lífeyrissjóðsins.

Þegar frambjóðendur höfðu lokið kynningum sínum var gengið til kosninga. Þegar fundarmenn höfðu skilað atkvæði sínu í kjörkassann fóru þrír starfsmenn Landsbankans í annað rými þar sem atkvæði voru talin.

Niðurstaða kosningarinnar var sú að Helga Lára Hauksdóttir fékk flest atkvæði út frá vægi greiddra atkvæða og var því réttkjörin í varastjórn Íslenska lífeyrissjóðsins.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins lagði til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2025 yrði KPMG, Borgartúni 27.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri KPMG, Borgartúni 27, því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2025.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Tillögur til breytinga á samþykktum þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri, steig í pontu og fór yfir tillögur að breytingunum en þær sneru að greinum 14.1 og 15.6 samþykktanna.

Hér verður farið yfir þær breytingar sem voru lagðar til ásamt rökstuðningi. Þeim orðum sem bætt er inn í greinarnar eru rauðlituð og þau orð sem eru tekin út eru bæði rauðlituð og yfirstrikuð.

Lagt var til að grein 14.1 verði svohljóðandi:
Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Hafi sjóðfélagi valið leið II–IV sbr. gr. 13.1 hefst greiðslur úr samtryggingu síðar sbr. ákvæði 13.1. Þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi, aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds og upphafi lífeyrisgreiðslna sbr. réttindatöflur sjóðsins.

Skýring á breytingu á grein 14.1:

Í grein 14.1 kemur fram að hafi sjóðfélagi valið leið II–IV (sbr. gr. 13.1) hefst greiðslur úr samtryggingu þó ekki fyrr en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Í úttekt Innri endurskoðunar kom í ljós að átta sjóðfélagar sem uppfylltu aldursviðmið um greiðslu sameignar viðkomandi brauta fengu bæði greiðslur úr sameign og bundinni séreign sem stangast á við 14. grein samþykktar sjóðsins. Fyrir liggur tiltekin rekstrar- og orðsporsáætla ef ekki er skýrt hvernig útgreiðslum úr sameign skuli háttað fyrir leiðir II–IV. Þá er ekki samræmi á milli verklags og samþykktar sjóðsins. Ekki verður séð að það raski hagsmunum sjóðsins eða einstakra sjóðfélaga að heimila úttekt úr sameign þótt sjóðfélagi eigi enn inneign í bundinni séreign.

Lagt var til að grein 15.6 samþykktanna verði svohljóðandi:
Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára

fresti eða oftari ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Ekki er skylt að fara fram á endurmat sé örorka metin varanleg. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir.

Skýring á breytingu á grein 15.6:

Í grein 15.6 kemur fram að örorkumat skuli fara fram eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftari ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu stjórnar sjóðsins eða af hálfu örorkulífeyrisþega. Samkvæmt verklagi hjá sjóðnum hefur ekki verið farið fram á endurmat ef trúnaðarlæknir hefur metið örorku varanlega. Í öðrum tilvikum er miðað við dagsetningu endurmats samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis. Til að samræma samþykktir við verklag og til að draga úr rekstrar- og hlítaráhætta er lögð til sú breyting á samþykktum að ekki sé skylt að fara fram á endurmat í þeim tilvikum þegar örorka hefur verið metin varanleg.

Fundarstjóri sagði orðið vera laust um tillögurnar. Enginn bað um að orðið og sagði hann þá að kjósa skyldi með handauppréttingu um það hvort fundarmenn samþykktu þær breytingar sem Ólafur Páll hefði farið yfir. Breytingatillögurnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnarlaun verði 157.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 68.000 krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 89.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmanna.

Stjórn leggur til að laun fyrir endurskoðunarnefnd og fjárfestingaráð verði sem hér segir:

Laun nefndarmanna (ráðsmanna) verði 78.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Laun formanna nefndanna verði 116.000 krónur fyrir hvern setinn fund.

Tillagan felur í sér 6,8% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum lið. Erla Ósk Ásgeirsdóttir kvað sér hljóðs. Hún sagði að sín tilfinning væri sú að stjórnarlaun hjá Íslenska lífeyrissjóðnum hefðu setið eftir í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Mikil ábyrgð og vinna fælist í því að sitja í stjórn lífeyrissjóða sem ætti að endur-

speglast í launum stjórnar. Stjórnarmenn þurfa margir hverjir að fara í hæfismat hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem krefst mikillar vinnu af hálfu þeirra og hafa sumir lífeyrissjóðir greitt tvenn til þrenn stjórnarlaun til viðbótar á meðan stjórnarmaður undirbýr sig fyrir hæfismatið.

Fundarstjóri spurði hvort þetta væri breytingartil-

laga frá Erlu. Hún svaraði því til að þetta væri meira ábending eða áskorun til stjórnar að kjör stjórnar yrðu skoðuð heildstætt, sbr. framangreint.

Fundarstjóri sagði þá að kjósa skyldi um tillögu að stjórnarlaunum með handauppréttingu. Ofangreind tillaga stjórnar var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust ef fundarmenn vildu tjá sig eða koma með spurningar.

Pétur Þorsteinsson bað um orðið og steig í pontu. Hann vildi koma með ábendingu til lífeyrissjóðsins eftir að hafa rekist á auglýsingu fyrir ársfundinn í Morgunblaðinu. Honum fannst auglýsingin vera heldur smá og benti á að eldra fólk myndi líklega ekki reka augun í hana. Hans tillaga væri sú að á næsta ári yrði ársfundurinn auglýstur með heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu, hægra megin.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, steig í pontu og þakkaði fyrir góðan fund og stuðninginn

og óskaði Þóri og Helgu Láru til hamingju með kjörið.

Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð fundar til að ganga frá fundargerð. Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið um kl. 17:55

Mætt var á fundinn fyrir 107 sjóðfélaga með 1,56% atkvæðavægi.

Þannig fram farið.

Daði Bjarnason, fundarstjóri

Pétur Pétursson, fundarritari